

Fundargerð 53. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2020, föstudaginn 13. mars kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Björn H. Halldórsson mætti ekki, Guðmundur Tryggvi Ólafsson varamaður kom í hans stað.

Gestur fundarins var Helgi Þór Ingason, nýr framkvæmdastjóri SORPU bs., sem sat undir liðum nr. 6 og 7.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 52. fundar - 1810077SA

Fundargerð Verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 17. janúar sl. lögð fram til samþykktar.

Frestað til næsta fundar.

2. Kostnaðaráhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 - 1912016SA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur að kostnaðarmati vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Helstu breytingar frumvarpsins felast í kröfu um sérsöfnun tiltekinna úrgangstegunda, þ.e. pappírs og pappa, plasts, lífúrgangs, glers, málma, spilliefna og textíls.

Sambandið sendi tölvupóst til tuttugu sveitarfélaga, dags. 2. mars sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum um kostnað sveitarfélaganna vegna meðhöndlunar úrgangs. Út frá þeim gögnum er ætlunin að meta kostnaðaráhrif af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Tíu sveitarfélög hafa sent gögn sem nú er verið að vinna úr. Reynir Jónsson sérfræðingur á Skrifstofu fjármála og rekstrar hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu mætti á fundinn og kynnti vinnuna við matið. Metinn verður annars vegar kostnaður vegna söfnunar við heimili og hins vegar söfnun á grenndarstöðvum. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir á næstu vikum. Söfnunarfyrirkomulag skiptir miklu við útreikningana auk þess sem það getur haft töluverð áhrif á kostnað við meðhöndlun úrgangsins eftir að honum hefur verið safnað.

Verkefnisstjórnin fagnar því að ráðist skuli í kostnaðarmatið en vill benda á að niðurstöður þess beri að nota af nokkurri varúð. Matið er byggt á þeirri forsendu að

fjölgun flokka heimilisúrgangs verði útfærð með fjölgun íláta og losana þeirra í því fyrirkomulagi sem nú er við lýði, án þess að skoða aðrar lausnir. Þá virðist heldur ekki vera gerð tilraun til að meta ávinning af breyttri hirðu úrgangs og óljóst hverju breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu muni skila umfram núverandi fyrirkomulag á hirðu úrgangs og flokkun hans hjá móttökuaðilum.

3. Málafni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2003022SA

Úrvinnslusjóður, sem settur var á fót með lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, telst til kerfis sem byggir á framlengdri framleiðendaábyrgð. Sjóðurinn sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lögin. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 mun fela í sér breytingar á hlutverki Úrvinnslusjóðs. Í tilskipuninni er nýtt ákvæði sem kveður á um almennar lágmarkskröfur sem gerðar eru til kerfa sem byggja á framlengdri framleiðendaábyrgð, en það eru kerfi ráðstafana til að tryggja að framleiðendur vöru beri fjárhagslega ábyrgð, eða fjárhags- og skipulagslega ábyrgð, á meðhöndlun vörunnar þegar hún er orðin að úrgangi. Kröfurnar gilda hvort tveggja um ný kerfi og um kerfi sem þegar voru til staðar við gildistöku tilskipunarinnar.

Ólafur Kjartansson framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs mætir á fundinn og kynnr starfsemi sjóðsins.

Frestað til næsta fundar.

4. Eftirlit og kröfur til vöktunar starfræktra og aflagðra urðunarstaða - 2001030SA

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar hjá sambandinu og Ína Björk Ársælsdóttir umhverfisstjóri Húnaþingi vestra kynna minnisblað, dags. 11. mars sl, varðandi eftirlit og kröfur til vöktunar starfræktra og aflagðra urðunarstaða. Einnig er lagður fram til kynningar undir þessum lið tölvupóstur Umhverfisstofnunar sem móttækinn var 20. febrúar sl. ásamt skjölum sem send eru til rekstraraðila vegna mælinga á uppgufun á urðunarstöðum. Tölvupósturinn var sendur í tengslum við 2. lið III. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs þar sem fram kemur að aflu skuli veðurfræðilegra gagna við vöktun á urðunarstað eða frá næstu veðurathugunarstöð á rekstrartíma og eftir lokun, þar með talið daglega uppgufun.

Frestað til næsta fundar.

5. Umhverfisstofnun óskar eftir fulltrúa til að undirbúa átak til að draga úr úrgangi í fráveitukerfum - 2003020SA

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu lagði fram bréf Umhverfisstofnunar, dags. 4. mars sl. Stofnunin hefur óskað eftir fulltrúa sveitarfélaga í skipulagshóp um gerð fræðsluefnis um fráveitumál sem kynnt verður um allt land. Markmiðið er að draga úr því að úrgangur fari í fráveitukerfin. Auk fulltrúa sveitarfélaganna og Umhverfisstofnunar er ætlunin að í hópnum verði m.a. fulltrúar Heilbrigðiseftirlitanna, Samorku, Veitna og Norðurorku. Verkefnisstjóri verður fulltrúi sveitarfélaganna í skipulagshópnum.

6. Umhverfisstofnun hefur unnið áætlun og verklagsreglur vegna smithættu vegna

meðhöndlunar úrgangs vegna heimsfaraldurs COVID-19 - 2003019SA

Umhverfisstofnun sendi áætlun og verklagsreglur vegna COVID-19 heimsfaraldursins til allra heilbrigðiseftirlita, sveitarfélaga, helstu flutningsaðila úrgangs og urðunarstaða. Steinunn Karlsdóttir sérfræðingur á Sviði samþættingar hjá Umhverfisstofnun mætti á fundinn og kynnti gögnin.

Áætlun um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi er gerð í samræmi við kafla 8.41 í landsáætlun Ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis vegna heimsfaraldurs. Áætlunin er unnin af Umhverfisstofnun og viðeigandi samstarfsaðilum. Verklagsreglur vegna smithættu af úrgangi og meðhöndlun úrgangs eiga við um starfsmenn sem vinna við meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu úrgangs, flutning, flokkun og förgun. Verklagsreglurnar hafa tekið gildi þar sem Umhverfisstofnun hefur gefið út tilmæli um að vinna skuli eftir þeim reglum. Stofnunin fundaði vegna málsins með helstu aðilum sem sinna meðhöndlun úrgangs og í framhaldinu var í samráði við sóttvarnarlækni verklagi breytt við meðhöndlun úrgangs á einhverjum stöðum. Áætlunin og verklagsreglurnar eru í sífelldri endurskoðun en nýjustu útgáfuna má finna á vef Umhverfisstofnunar.

7. Bréf Umhverfisstofnunar til allra sveitarfélaga í janúar um magn heimilisúrgangs og endurvinnsluhlutfall - 2002008SA

Umhverfisstofnun sendi öllum sveitarfélögum bréf, dags. 10. janúar, þar sem tilgreint var skráð magn heimilisúrgangs í vikomandi sveitarfélagi árið 2018 og áætlað endurvinnsluhlutfall. Steinunn Karlsdóttir sérfræðingur á Sviði samþættingar hjá Umhverfisstofnun mætti á fundinn og kynnti tilgang bréfsins.

Samkvæmt 19. gr. laga 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skulu rekstraraðilar skila skýrslu um úrgang til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um tegundir úrgangs, magn, uppruna, eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum og ráðstöfun hverrar tegundar. Gögnin eru því frá enda ráðstöfunaraðila. Umhverfisstofnun er upplýst um að upplýsingar fyrir árið 2018 eru í mörgum tilfellum rangar en stefnir á að tölurnar fyrir árið 2019 verði betri. Eitt af markmiðum bréfsins var að óska eftir aðkomu sveitarfélaga við að bæta tölfræðina.

Verkefnisstjórn telur mikilvægt að úrgangstölfræði hvers sveitarfélags liggi fyrir á hverjum tíma. Verkefnisstjórn telur að kynntar tölur frá 2018 þarfnist frekari vinnslu fyrir birtingu. Verkefnisstjórnin leggur til að stofnaður verði vinnuhópur sambandsins og Umhverfisstofnunar. Hlutverk hópsins verði að tilgreina þær tölur og þætti (t.d. póstnúmer, uppruni þ.e. frá heimilum eða fyrirtækjum, o.s.frv) sem nýtast sveitarfélögum við hönnun kerfa og til mats á árangri.

8. Önnur mál - 1803048SA

Rætt var um næsta hentuga fundartíma verkefnisstjórnarinnar.

Verkefnisstjórnin stefnir að því að funda næst 6. maí.

Fundi var slitið kl. 12:45

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson